



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í **júní**. Efni þarf að berast í síðasta lagi **1. júní 2020**



Frá Bókasafni Hrunamanna



Verið hjartanlega velkomin á bókasafnið sem nú hefur opnað aftur eftir samkomubann, haldið verður áfram að fylgja reglum og leiðbeiningum frá yfirvöldum. Nú er mikið af nýju efni til fróðleiks og skemmtunar svo það er um að gera að kíkja við.

Opíð:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Gleðilegt sumar




Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



Sundlaugin á Flúðum. Íþróttahúsið á Flúðum

Sundlaug og íþróttahús verða áfram lokuð almenningi þangað til annað verður auglýst.

Maí 2020
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

30. árgangur.
349.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Nú er maímánuður genginn í garð og vorið klárlega komið í þessari sveit. Það er kærkomið eftir brasasaman vetur og ég veit að það er áhugi hjá mörgum að gefa í varðandi ræktun þetta sumarið og þá er gott að „hljóð og mynd“ tali saman varðandi tíðarfarið. Það er sem betur fer áköllun eftir íslenskum afurðum og vonandi verða viðhorfsbreytingar gagnvart matvælaöryggi Íslands og ef eitthvað kemur gott út úr þessu Covid ástandi er að sú staða verði viðvarandi.

Annars hefur Covid veiran enn sem komið er sveimað í kringum okkur án þess að lenda þannig að við getum þakkað fyrir það. Björninn er samt sem ekki unninn og við megum ekki gleyma okkur að hugsa skynsamlega, passa upp á sóttvarnir og viðkvæma hópa þó sem betur fer horfi flest til betri vegar í þessu.

Það er gaman að skólarnir geti farið á fullt eftir 4. maí þannig að hægt sé að klára skólaárið í Flúðaskóla með stæl og leikskólinn Undraland geti sinnt fullri þjónustu fyrir íbúa. Skólarnir hafa reyndar staðið sig frábærlega í sínum útfærslum og veitt góða þjónustu miðað við ástandið og takmarkanirnar. Það er einnig gleðilegt að Flúðaskóli getur sett upp árlegt gleðileikrit 8-10. bekkjar þó það þurfi að setja fjöldatakmörkin á áhorfendafjöldann en þetta verkefni var einmitt að hluti þess að Flúðaskóli hlaut menntaverðlaun SASS.

Síðan er einnig ánægulegt að bókasafn og félagsmiðstöðin Zero geta opnað þann 4. maí og að allt æskulýðs- og íþróttastarf barna á leik- og grunnskólaaldri geti farið fram eins og áður var. Hins vegar verður aðeins að bíða með að sundlaug, íþróttahús og tækjasalur verði opnaður almenningi en vonandi styttest í það. Ég veit að það eru margir orðnir óþreyjufullir að mæta í heita pottinn í sundlauginni og hver veit nema menn geti líka farið í þann „Kalda“. Síðan á ég von á því að hægt verði að endurræsa ærslabelginn í Lækjargarðinum eftir helgina en hann sló í gegn í fyrra.

Nú liggur fyrir ársreikningur vegna ársins 2019 og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn. Það varð afgangur af rekstri sveitarfélagsins sem nam rúmum 45 millj. sem var svipað og áætlanir gerðu ráð fyrir. Helstu ástæður þess að svona tókst til eru að áætlanir stóðust að mestu og tekjur ívið meiri. Það er alltaf ánægjulegt að áætlanir um útgjöld reyndust nokkuð raunhæfar og vil ég þakka starfsmönnum sveitarfélagsins sérstaklega fyrir góð störf til að gera þetta allt saman að veruleika.

Skuldhlutfall sveitarfélagsins lækkaði aðeins frá síðasta ári og er um 71% en svokallað skuldaviðmið er rúmlega 49%. Fjárfestingar voru samtals um 108 millj. og voru fjármagnaðar að mestu án lántöku sem er alltaf gleðilegt. Þá greiddum við upp og endurfjármögnum síðasta gengislán sveitarfélagsins síðasta haust sem við sjáum ekki eftir í dag.

Hins vegar blasir allt öðru vísi sviðsmynd við okkur í dag. Gera má ráð fyrir að árið 2020 verði mjög þungt í rekstri þó eflaust séu mörg sveitarfélög í verri stöðu en við. Það má búast við verulegu tekjufalli úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og síðan er óvíst hvað ástandið hefur á útsvarið. Það þarf mjög fljótlega að gera viðauka við fjárhagsáætlun þar sem þetta ástand er krufið og hvernig hægt sé að fjármagna framkvæmdir og fjárfestingar sveitarfélagsins sem eru áætlaðar verulegar. Þá hafa aðrar aðgerðir sveitarfélagsins áhrif á fjárstreymi og sérstakar aðgerðir kosta eflaust sitt. Það er því hætt við að þetta verði ekki leyst nema lántaka verði aukin þannig að við getum siglt í gegnum þetta í sameiningu.

Fyrir utan fyrirhugaðar framkvæmdir liggur núna ljóst fyrir að Hitaveita Flúða þarf að auka heitavatsöflun sína fyrir næsta vetur en sem betur fer eru nokkrir möguleikar í stöðunni. Nú kemur sér vel að fjárhagur hitaveitunnar er traustur og veitan á að ráða við verulegar fjárfestingar sem nú er þörf á.

Ég vil líka vegna áhrifa Covid hvetja íbúa, fyrirtæki og sumarhúsaeygendur til að versla sem mest þeir mega í heimabyggð því þannig getum við stutt þau fyrirtæki sem eru með starfssemi í sveitarfélaginu. Það er ekkert að því að fara út að borða á veitingastöðum sveitarinnar, fara í kósiorlof í gistingu eða hefja framkvæmdir sem það geta, hvort sem þær eru stórar eða litlar.

Þrátt fyrir Covid vesen þá halda hefðbundin verkefni áfram. Það er góð reynsla af tímabundinni opnun á gámasvæðinu fyrir ökutæki og þá sé starfsmaður á vaktinni. Við sjáum stóran mun á bættri flokkun og við höfum með þessu sparað okkur einhverja fjármuni í afsetningu á úrgangi fyrir utan betri þjónustu. Það hefur verið mikið að gera á gámasvæðinu síðustu vikurnar og fólk greinilega nýtt Covid fárið til að taka til hjá sér. Við þurfum síðan að fara að taka næsta skref sem er að taka burtu lausa gáma á grenndarstöðvum og koma í stað flokkunarkörum í anda þriggja tunnu flokkunarinnar. Ein ábending líka eftir rok vetrarins er að huga að frágangi ruslaíláta við hús. Ég hvet fólk til að festa þær vel eða úbúa skýli utanum þær, því þetta snýr bæði að umhverfinu og líka ásýnd heimilisins og fyrirtækja.

Það er líka gleðilegt að verkefni í Hrunamannahreppi hafa fengið góðan stuðning frá framkvæmdasjóði ferðamanna á árinu 2020. Kerlingarfjallavinir fá stuðning til að halda áfram góðum verkum í Kerlingarfjöllum, Hrunalaug fær stuðning við að klára sín verkefni og síðan bætast Brúarhlöðin við. Það er ánægjulegt að fara af stað með Brúarhlaðaverkefnið með landeigendum en það hefur verið mikill átroðningur á svæðinu. Núna fáum við styrk til að hefja hönnunavinnu og verður spennandi að „pæla í“ möguleikum Brúarhlaða.

Síðan höfum við ákveðið að halda rusladaginn föstudaginn 8. maí n.k þó það verði að aðlaga hann í samræmi við Covid dæmið. Skólarnir byrja daginn en verða sjálfstæðir störfum og síðan byrjar hefðbundnari dagskrá kl. 16:00. Við þurfum samt að slauffa grillveislunni góðu en Ragnheiður ruslamálaráðherra hefur ráð undir rifji hverju og við verðum með pizzuveislu í lok vinnudags fyrir framan Flúðasveppi. Vil ég hvetja alla til að taka til hendinni, hvort það er í skipulegri dagskrá dagsins, eða að huga að eigin umhverfi og flokkun úrgangs í annan tíma. Þessi málaflökkur snertir bæði umhverfismál almennt og einnig ásýnd sveitarinnar.

Að lokum vil ég minna á auglýsingar sveitarfélagsins varðandi vinnuskólann í sumar og mögulegt atvinnuáttak fyrir ungmenni í sveitarfélaginu. Það er mikilvægt að vita sem fyrst hvort þörfin sé mikil til að við getum skipulagt slík úrræði í tíma og sótt stuðning til ríkisins til þess.

Eigum gott vor saman.

Jón G. Valgeirsson



LANDSTÓLPI 20
20 ára
2000-2020

**Þú færð rekstrarvörur til heimilis og olíuvörur hjá okkur!
.....og allt fyrir dýrin....stór og smá!**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi | Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17 | Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17

Pésinn 30 ára

Í apríl 1990 kom fyrsta tölublað Pésans út, en reyndar kom nafnið ekki fyrir en síðar. Það er vel við hæfi að setja inn forsíðu 1.tölublaðs þessa 30 ára gamla blaðs, sem komið hefur út nánast mánaðarlega síðan.



FRETTABREF

1. tbl. 1. árg apríl 1990
Ábyrgðarmaður Eiríkur Agústsson

Góðir sveitungar !

Á vegum Sveitarinnar, Kvenfélagsins og Ungmennafélagsins hefur þetta fréttabréf göngu sína og er ætlunin að senda það út einu sinni í mánuði og hér eftir er stefnt að því að það komi út fyrir 10. hvers mánaðar.

Það er von okkar að þetta fréttabréf geti orðið hentugur fjölmiðill innan sveitar og er hér með öllum félögum og starfshópum boðið að koma á framfæri fréttum og orðsendingum um störf og fundi.

Ef þú viðtakandi góður vilt vekja athygli á einhverju máli eða hefur áhuga á að rita grein í bréfið þá vinsamlega hringdu eða sendu línu til undirritaðra.

Auglýsingar verða einnig teknar í blaðið og þá gegn vægu gjaldi.

Þar sem aðstandendum bréfsins finnst nauðsynlegt að það heiti einhverju nafni þá auglýsum við hér með eftir tillögum að nafni á það. Með von um góða samvinnu.



Eiríkur í síma 66754
Bubba í síma 66670
Bjarki í síma 66614

Vinnuskóli

Verður starfræktur frá **8. júní** til og með **9. júlí** í sumar.

Miðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 2004–2006.

Umsóknir þurfa að berast fyrir 20. maí á Skrifstofu Hrunamannahrepps eða á netfang petur@fludir.is.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600 eða Pétur í síma: 895 6603



Einarsslundur



Höllvínir Einarsslundar fóru í skógarhögg umhverfis bústaðina.

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

grannaland@simnet.is

Hvatagreiðslur.

Þeir foreldrar/forráðamenn, sem enn hafa ekki skilað inn umsókn fá frest til 11.maí, en eftir þann tíma er ekki hægt að sækja um fyrir vorönn 2020.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Hrunamannahrepps, og á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxl

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fánæg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com - facebook.com/NG ehf



Bridge fréttir.

Við í Bridge klúbbum höldum okkar striki og byrjaði árið með aðal tvímenningi þar sem var mikið líf og fjör en úrslitin urðu þannig: 3 sæti Margrét Runólfsdóttir og Gunnar Marteinnsson annað sæti hrepptu gömlu rebbarnir Kalli Gunnlaugsson og Guðmundur Böðvarsson og í 1 sæti urðu Valdimar Stefán Sævaldsson og Vilhjálmur Vilhjálmsson.

Svo tók við hörku sveitakeppni þar sem var mikil spenna allt þar til úrslit úr síðasta spilinu datt inn ,3 sæti varð sveit Kristins,Kristinn Antonsson,Helgi Guðmundsson,Garðar Garðarsson og Einar Svansson, 2 sætið varð sveit Ara,Ari Einarsson,Þórdís Bjarnadóttir,Karl Gunnlaugsson,Guðmundur Böðvarsson.1 sæti sveit Haukur Viðarsson,Viðar Gunngeirsson.

Fyrir hönd bridge klúbbsins óska ég öllum gleðilegs sumars, kveðja Stebbi





Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Vetraropnun / Winter opening hours

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00

Open daily 1pm-5pm



MELUM, FLÚÐUM
HRUNAMANNAHREPP



Melum, Flúðum Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/

Baggamunur

Bókhalds- og skattapjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



Ég hef rekið bílaverkstæði í Hvítárholti og hyggst flytja starfsemina að Smiðjustíg 2, Steðja í byrjun júní.
Jaroslaw Jacek Lacek



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

Hjólað í vinnuna!

Daganna 6.-26. maí er vinnustaðakeppnin en við skorum alla á að taka þátt á sinn hátt. Aðalatriðið er að nota virkan ferðamáti til, í eða frá vinnu. Tökum þátt og höfum gaman af. Notum fésbókarsíðu heilsueflandi samfélags í Hrunamannahrepp til að setja inn skemmtilegar myndir sem tengist hjólreiðum, göngu eða annari útiveru sem hvatningu til annara að vera með.

Ert þú með?

Eru bændur með?

Eru kennarar með?

Eru iðnaðarmenn með?

Er skrifstofufólkið með?

Eru heimavinnandi með?



Meiri upplýsingar um vinnustaðakeppnina má finna hér:

[Hjólað í vinnuna](#)



KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Opnun á nýjan leik föstudaginn 8. maí 2020.

We will open on the 8th of May 2020.

Eldhúsið verður opið alla daga frá kl. 11.00 til 21.00.

The kitchen will be open every day from 11.00 until 21.00.

Borðapantanir eru í síma 486-6454

For reservations call 486-6454

Þar sem sætapláss hjá okkur verður takmarkað a.m.k. næstu vikur,
þá minnum við á „take away“ fyrir þá sem það vilja.
Getum komið með matinn út í bíl til afhendingar, ef þess er óskað.

*As our seating capacity will be limited at least over the next few
weeks, we offer take away. We can also deliver the food to your
car, if requested.*

Verið velkomin!
Everyone welcome!

<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel

Tel. 486-6454 – info@kaffisel.is

80
STAÐIR
UM LAND ALLT

EIMSKIP
Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessyslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiðir 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



Umhverfi - Umhyggja

Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Leikskólafréttir

Þegar þetta er skrifað sjáum við fram á að starfið hér á leikskólanum fari að verða með eðlilegum hætti eins og hægt er á þessum tímum.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka foreldrum og starfsfólki fyrir einstaka jákvæðni og samheldni á þessum undarlegu tímum og við horfum til þess að vorið/sumarið sé á næsta leyti.

Starfsfólk hefur lagt sig fram um að halda eins mikilli reglu á starfinu og hægt er en börnin hafa mætt annan hvern dag og starfsfólk fylgt sínum hópum.



Ég vil hvetja foreldra til að hafa samband við okkur sem fyrst ef þeir ætla að sækja um pláss í haust. Það er nauðsynlegt fyrir mig að vita um fjölgun/fækkun svo hæfilegur fjöldi starfsfólks sé í vinnu á leikskólanum. Fjöldi starfsmanna fer eftir samsetningu hópsins sem er hér í vistun. Einnig er mikilvægt að foreldrar láti vita ef breyting verður á vistunartíma þeirra barna sem eru nú þegar skráð á leikskólann.

Kveðja,

Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir
Leikskólastjóri



Umhverfi - Umhyggja

Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Nurseries News

As this is being written, we anticipate that the work here at the nursery will begin as normal as possible at this time.

I want to take this opportunity to thank parents and staff for their unique positivity and cohesion during these strange times, and we look forward to the spring / summer coming.

Employees have made every effort to maintain as much regularity as possible while the children have met every other day and staff have followed their groups.

I would like to encourage parents to contact us as soon as possible if they plan to apply for space this fall. It is necessary for me to know about the increase / decrease of children so that a reasonable number of staff work in the nursery. The number of employees depends on the composition of the group that is in place here. It is also important for parents to let me know if there is a change in the placement time of the children who are already enrolled in kindergarten.

Yours,

Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir

Kindergarten headmaster

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00

og 13:00-16:00, Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Hrunamannahreppur



Undanfarnar vikur hafa staðið yfir miklar breytingar á Ráðhúsinu. Nú styttist í verklok og nú er merki Hrunamannahrepps komið á sinn stað í nýjum vegg



Markaskrá 2020

Enn eiga þó nokkrir eftir að skila inn endurnýjun marka sinna eða láta vita ef þau eiga að falla niður.

Allir eigendur skráðra **eyrnamarka** og **frostmarka** í síðustu markaskrá 2012 áttu að hafa fengið bréf frá mér seinnipartinn í mars og skila átti inn fyrir **20.apríl**.

Þið sem ég hef ekkert heyrt frá vinsamlegast bregðist strax við.

Ef einhver hefur ekki fengið bréfið þá hafðu samband. Mörk látinna einstaklinga og þeirra sem eiga skráða búsetu erlendis þegar blöðin voru prentuð eru skráð hjá markaverði og bið ég hlutaðeigandi að hafa samband með þau mörk.

brunir@simnet.is

Sími 8478162 virka daga eftir kl 16.

Með sumarkveðju og von um skjót viðbrögð.

Markavörður Árnessýslu

Lilja Loftsdóttir

SMARI



Smárareiðtúr

Kæru Smárafélagar

Nú er hugmyndin að blása til reiðtúrs helgina 15-16 ágúst.

Við ætlum að hittast um kl.13:00 á laugardegnum í

Fossnesi og þaðan verður farinn góður reiðtúr. Um kvöldið ætlum við að grilla saman og síðan er gisting í boði fyrir þá

sem það vilja. Á sunnudeginum er hestamessa að Stóra Núpi og þar munum við að sjálfsögðu fjölmenna

Nánari upplýsingar koma síðar, en endilega takið þessa helgi frá fyrir frábæran reiðtúr og samveru:)

Reiðtúrsnefnd Smára

Hulda og Svanhildur

Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355

Velkomin í Vefverslun Friðheima



Núna getur þú greitt fyrir ferska grænmetið okkar með snertilausum viðskiptum og svo kikir þú til okkar í Friðheima daginn eftir og sækir!

Kiktu á vefverslunina okkar á www.fridheimar.is/vefverslun

Tómatar (fýmsar tegundir), gúrkar, basilíka í potti og salat. Einnig erum við með dásamlegu góðgætavörurnar okkar til sölu í vefversluninni sem og kryddblöndurnar. Má þar til dæmis nefna grillsósar, sultur, ábætissósar, gúrkusalsa og kryddblöndur á lambið, kjúklinginn, nautið, svinið og til að búa til gravlax.

Vefverslunin okkar er opin allan sólarhringinn

Verslunin í andyri Friðheima er opin alla daga frá kl. 9 – 16.

Veitingastaðurinn okkar er opin allan daga frá 12 - 16

Bestu kveðjur, Fjölskyldan Friðheimum

486 8894 - fridheimar@fridheimar.is - www.fridheimar.is/vefverslun

Flokkunarhornið.

Bændur!

Vinsamleg tilmæli frá Íslenska gámafélaginu að áburðarsekkir verði sameinaðir í poka. Ekki þarf að taka plastið innanúr. Síðan verði pokunum komið fyrir á gámasvæðinu í sérstakan gám, sem er merktur. Gott væri að bændur geymdu poka til að setja rúllunet í, því það er slæmt að fá það laust í gáma. Gott að binda fyrir pokana.



Tek að mér tamningar og þjálfun í vor og sumar þegar skólinn klárast. Mjög góð aðstaða til tamningar og þjálfunar.

Áhugasamir sendið á mig skilaboð efralangholt@simnet.is eða hringið

í síma 775 7292..... Aron Ernir,



Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2020

Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér gönguferðir sumarsins 2020. Þetta er nítjándi sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir. Ferðirnar eru alls átta. Allar göngurnar verða á miðvikudagskvöldum í sumar nema gangan 18. júní sem er fimmtudagur og dagsgöngurnar 18. júlí og 29. ágúst sem eru farnar á laugardögum. Frítt er í allar göngurnar en innheimt verður fyrir leiðsögn/akstur í dagsgöngurnar. Leiðsögumenn í ferðunum í samvinnu við heimafólk verða þau Helgi Már Gunnarsson og Kolbrún Haraldsdóttir, Flúðum. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Allar ferðir verða auglýstar sérstaklega þegar nær dregur á facebooksíðunni “Gönguferðir í Hrunamannahreppi“.

1. ferð er 27. maí. Hrepphólar – Hólahnjúkar

Lagt af stað frá Hrepphólakirkju kl. 20:00 og gengið í kringum Hólahnjúka sem eru stórkostlegir stuðlabergshnjúkar. Endað við Hrepphólakirkju. Þetta er létt og skemmtileg leið sem er mikil náttúruperla. Hér er notalegt að eiga góða kvöldstund í fallegu umhverfi. Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir í Áshlíð mun leiða gönguna. Áætlaður göngutími er u.þ.b. 2 klst.

2. ferð 3. júní. Bryðjuholt - Ásaganga

Lagt af stað kl 20:00 frá hlaðinu í Bryðjuholti. Þaðan er gengið upp á bæjarásinn, upp á Eldavél, og notið útsýnisins. Síðan er gengið aftur niður og stefnan sett á Bryðjuholtsmúla og gengið eftir honum endilöngum í átt að Flúðum. Gott útsýni er af múlanum og hugsanlega má sjá álfapar með unga synða á tjörn sem leynist bak við Bryðjuholtsmúla. Gengið eftir kóngsveginum til baka. Þægileg ganga í grónu landi en getur verið aðeins blaut. Þórunn, Samúel og Daði í Bryðjuholti munu leiða gönguna. Áætlaður göngutími er u.þ.b. 2 klst.

3. ferð 10. júní. Langholtsfjall – Tæpastígur - Álfaskeið

Lagt af stað kl 20:00 frá Ásatúni og gengið göturnar austan undir Langholtsfjalli. Eftir þægilega göngu á reiðgötum er gengið upp eftir Tæpastíg og komið á hinn þekktu samkomustað Álfaskeið. Þaðan er haldið áfram upp að sjónvarpsmöstrunum en þaðan er frábært útsýni til allra átta. Þaðan er síðan haldið aftur niður að Ásatúni. Gangu sem tekur u.þ.b. 2 klst.

4. ferð er 18. júní (fimmtudagur). Svartárgljúfur - Tungufellsskógur

Mæting við gamla gerðið í Tungufellsdal kl. 20:00. Þaðan er gengið í gegnum ilmandi skóginn í Tungufellsdal og Svartárgljúfur skoðað en í því er mjög fallegur foss. Einnig verður boðið upp á að ganga upp á Tófuhól en þaðan er víðsýnt. Elín Jóna Traustadóttir og Svanur Einarsson í Tungufelli munu leiða gönguna. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2 klst.

5. ferð er 24. júní. Laugar - Gildurhagi

Lagt af stað kl 20:00 frá hlaðinu á Laugum. Þetta er létt og skemmtileg leið inn í Gildurhaga sem er mikil náttúruperla. Sagan af Sængurkonukletti verður rifjuð upp. Hér er notalegt að eiga góða kvöldstund í fallegu umhverfi. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2 klst.

6. ferð er 18. júlí. Fosslækur – Ábóti – Svinárnes. Dagsganga

Þetta er dagsganga, 15-18 km. Ekið er inn í Fosslæk þar sem gangan hefst. Gengið er í Ábótaver og að fossinum Ábóta í Hvítá en hann fellur í gljúfri sunnan undir Bláfelli. Þaðan verður gengið í Svinárnes. Gönguleið er mikið til á grónu landi en gera má ráð fyrir að þurfa vaða ár og sprænur. Gangan er hugsuð sem náttúruskoðun og mun Sigurður H. Magnússon á Högnastöðum fræða göngufólk um gróðurfar og staðhætti en hann hefur stundað gróðurrannsóknir á afréttinum um árabíl. Ferðin er í samstarfi við Landgræðslufélag Hrunamanna. Athugið að það þarf að panta í þessa ferð í síma 6923882/6995178. Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði vegna aksturs sem verður auglýstur þegar nær dregur.

7. ferð er 12. ágúst. Þórarinsstaðir – Háhnjúkur – Hildarsel –

Þórarinsstaðir

Lagt af stað kl. **19:00** frá

Þórarinsstöðum. Þaðan er gengið á Háhnjúk. Útsýnið þaðan er glæsilegt þó að það ráðist augljóslega af veðri. Þaðan verður gengið niður í Hildarsel sem er eyðibýli og er nú orðið hluti af landi Berghyls. Í Hildarseli eru tóftir eftir búsetu, sem og Hildarselsfoss í Litlu-Laxá en foss þessi fær gjarnan önnur heiti þegar um hann er rætt. Ef tími gefst til má skoða annan foss rétt ofar í ánni. Síðan er gengið til baka að Þórarinsstöðum. Áætlaður göngutími er u.þ.b. 3 klst. Gangan hefst á langri brekku upp að Háhnjúki en eftir það ætti gangan ekki að vera erfið. Kristín Erla Ingimarsdóttir á Þórarinsstöðum og Sigurjón Snær Jónsson á Berghyl leiða gönguna.

8. og síðasta ferð sumarsins 29. ágúst er Stóra-Laxárgljúfur ganga Þetta er dagsganga, u.þ.b. 16 km. Ekið er inn á afrétt Hrunamanna og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru-Laxár en það er rómað fyrir náttúrufegurð. Endað er við bæinn Kaldbak. Ógleymanleg ganga og er hugsuð sem náttúruskoðun. Gangan er í samstarfi við Upplit menningarklasa uppsveita Árnessýslu. Athugið að það þarf að panta í þessa ferð í síma 6923882/6995178. Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði sem verður auglýstur síðar er hann fyrir akstri og leiðsögn.



Vinnudagur í Hrunakirkjugarði 23.maí frá kl. 13.00.

Þennan dag verður almenn tiltekt í kirkjugarðinum, lagfæring á leiðum, trjáklippingar og hreinsun trjábeða. Sóknarnefndin verður á staðnum með einhver verkfæri, mold og þökur. Við hvetjum alla til að mæta sem áhuga hafa á að hjálpa til við að gera fallegan garð fallegrí. Margar hendur vinna létt verk.

Sóttvarnareglur og fjarlægðamörk verða að sjálfsögðu virt.

Kaffi á könnunni og jafnvel kökubiti.

Sjáumst.

Sóknarnefnd Hrunasóknar.



Vinnumarkaðsátak ungmenna.

Sveitarfélagið Hrunamannahreppur vill gera könnun meðal ungmenna í Hrunamannahreppi hvort þörf sé á vinnumarkaðsátaki í sumar útaf áhrifum vegna Covid 19.

Áhugasamir geta haft samband við Skrifstofu Hrunamannahrepps í síma: 480 6600 eða sent póst á hruni@fludir.is



Aðalfundur Hrunasóknar 2020

verður haldinn miðvikudagskvöldið

3.júní kl 20 í safnaðarheimili Hrunakirkju.

Venjuleg aðalfundastörf. Kjósa þarf skoðunarmenn reikninga.

Sóttvarnareglur og fjarlægðatakörk

verða að sjálfsögðu virt.

Veitingar í boði.

Sjáumst.

Sóknarnefndin.



Frá Garðyrkjustöðinni Hvammi 2



HVAMMUR II
garðyrkjustöð

Kæru viðskiptavinir.

Eigum tré og runna af ýmsum stærðum og gerðum.

Verðum **ekki** með sumarblóm til sölu í ár.

Verið velkomin.

Umhverfisdagur Hrunamannahrepps 2020

Föstudaginn 8. maí.

Rusladagurinn verður með öðruvísi skipulagi að þessu sinni, þar sem reglum almannavarna um 2ja metra regluna þarf að hlýða. Hann byrjar á að nemendur Flúðaskóla og leikskólans Undralands taka virkan þátt í tiltektinni á Flúðum og verður hafist handa kl. 10:20 og nánasta umhverfi skólanna hreinsað. Skólarnir skipta niður með sér svæðum innan Flúðahverfisins. Íbúum Flúða og öðrum hefur vanalega verið frjálst að taka þátt á þessum tíma með skólunum, en vegna samkomubanns almannavarna þá verður það því miður ekki í boði í ár, við hlýðum Víði. Sama má segja um grillveisluna sem vanalega er haldin sameiginlega fyrir skólana, grillveislan verður ennþá, bara í sitt hvoru lagi og engir gestir leyfdir.

Klukkan 16.00 hefst svo gamli góði rusladagurinn undir styrkri stjórn ruslamálaráðherra, Ragnheiðar Georgsdóttur og hvetjum við íbúa til að koma saman og eiga góðan dag. Safnast verður saman fyrir utan Félagsheimilið og skipt niður í hópa. Ruslapokar og einnota hanskar verða á staðnum. Gott er að mæta tímanlega á staðinn þar sem við verðum að virða 2ja metra regluna ☺

Skorað er á alla íbúa sveitarfélagsins að fjarlægja allt rusl af umráðasvæði sínu og stuðla þannig að því að fallegi hreppurinn okkar líti enn betur út og verði okkur öllum til sóma.

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps mælist til að eigendur fyrirtækja og fólk á lögbýlum noti tækifærið og hreinsi til í kringum starfsemi sína og jarðir. Gaman væri að landeigendur tíni rusl með vegum fyrir sínu landi. Opið verður frá 10:00 – 18:00 á gámasvæðinu þennan dag.

Eftir allt það og vel unna vinnu, hittumst við aftur fyrir á túninu hjá Flúðasveppum kl 18:00. Þar verður boðið uppá Pepsi, Appelsín, pizzu frá Kaffi-Sel, tónlist og smá bálköst ☺

Með vinsemd og virðingu,

Umhverfisnefnd og

Ragnheiður Georgsdóttir Ruslamálaráðherra 2020.

